

9. nóvember 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 22. október 2007 óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð, 128. mál, heildarlög.

Seðlabanki Íslands fagnar frumvarpinu sem felur í sér að sjálfstæði Hagstofu Íslands eykst með því að gera hana að sjálfstæðri ríkisstofnun með viðeigandi lagagrundvelli.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er m.a. nefnt um að Hagstofan hafi forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd opinberrar hagsýslugerðar í landinu og er það vel. Seðlabanki Íslands safnar mjög miklum tölfræðilegum upplýsingum sem lúta að nokkru leyti alþjóðlegum stöðlum eða viðmiðum. Bankinn mun hér eftir sem hingað til leggja sig fram um að eiga gott samstarf við Hagstofu Íslands um hagskýrslugerð.

Seðlabanki Íslands styður samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri